

Kennslukönnun á haustönn 2016¶

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólstarfsins með kerfisbundnum hætti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti. Verkmenntaskólinn á Akureyri gerir áfanga- og kennslumat á meðal nemenda skólans á hverri önn samkvæmt verklagi í gæðahandbók VMA (sjá VKL 402). Aðrar úttektir á námi og kennslu eru gerðar á hverri önn eins og líst er í sjálfsmatsáætlun hvers skólaárs t.d. áfangaskýrslur, framvindumat og ýmsar samantektir á árangri nemenda. Annað hvert ár er gerð þjónustukönnun á meðal nemenda þar sem spurt er um ýmsa aðra þætti en kennslu og nám í einstaka áföngum. Niðurstöður þessara kannanna eru notaðar til að mæla gæðamarkmið skólans er lúta að kennslu áfanga og líðan nemenda.¶

Tilgangur áfanga- og kennslumats er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum og í skólstarfinu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Allir kennarar fá eigin niðurstöður úr kennslumat birtar í gegnum Innu og eru niðurstöður hvers kennara ræddar í starfsmannaviðtali við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Hvert fag/braut fær niðurstöðu deildar/brautar sem rædd er á fag-/brautarfundi og er fundagerð skilað til skólameistara. Þá fer gæðaráð skólans yfir heildarniðurstöður kennslu- og áfangamats hverrar annar.¶

Fag- og brautarstjórar ásamt öðrum stjórnendum hafa forgöngu um að nýta niðurstöður kannanna til að bæta faglegt starf innan skólans og tryggja þannig að nemendur fái þá kennslu sem lagt er upp með innihaldi áfanga og nýttar séu þær kennsluáðferðir sem best hæfa námi nemenda.¶

Kennslu- og áfangamat er gert á hverri önn og er 1/3 af áföngum skólans inni í hverri könnun. Því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.

Kennslukönnun á haustönn 2016 fór fram í október og nóvember. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Á haustönn 2016 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: erlend tungumál, íslenska, raungreinar, samfélagsgreinar, rafvirkjun, matvælagreinar og sjúkraliðagreinar. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 2441 kannanir og fengust 817 svör eða 33% svörun. Nemendur fengu ítrekun í tölvupósti tvisvar sinnum en lítið var farið í stofur til að biðja nemendur að svara könnuninni.

Alls var spurt um 44 kennara og 105 áfanga. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á kannanakerfi Innu sem aðstoðarskólameistari hefur aðgang að.¶

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á haustönn 2016 svara 93% nemenda spurningunni Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal þriggja anna, haustannar 2016 (93%), vorannar 2016 (87,8%) og haustannar 2015 (91,6%) er 90,8%. Þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást.¶

Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi

(Svarhlutfall 813/817)

1. Mjög sammála - 54%
2. Frekar sammála - 39%
3. Frekar ósammála - 6%
4. Mjög ósammála - 1%



Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á haustönn 2016 svara 88% nemenda spurningunni Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal þriggja anna, haustannar 2016 (88%), vorannar 2016 (91%) og haustannar 2015 (88%) er 89%. Þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást.¶

Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum

(Svarhlutfall 807/817)

1. Mjög sammála - 55%
2. Frekar sammála - 33%
3. Frekar ósammála - 7%
4. Mjög ósammála - 5%



Eftirtaldir kennarar voru í áfangamati þessa önn:

Adam Ásgeir Óskarsson (ADÓ), Anna Lilja Harðardóttir (ALH), Annette de Vink (AJV), Ari Baldursson (ABA), Ari Hallgrímsson (ARI), Auður Inga Ólafsdóttir (AUÐ), Árný Ingveldur Brynjarsdóttir (ÁIB), Ásbjörg Benediksdóttir (ÁBE), Benedikt Bragason (BEB), Borghildur F Blöndal (BBL), Börkur Már Hersteinsson (BÖR), Edda Björk Kristinsdóttir (EBK), Elín Björk Unnarsdóttir (EBU), Emilía Baldursdóttir (EMB), Garðar Lárusson (GLÁ), Guðmundur Ingi Geirsson (GUM), Guðmundur Trausti Hermannsson (GTH), Gunnar Bergmann Arnelsson (GBE), Gunnar Frímansson (GUF), Hannesína Scheving Skarphéðinsdóttir (HAN), Haukur Eiríksson (HEI), Hilmar Friðjónsson (HIF), Hörður Óskarsson (HSK), Inga Björg Ólafsdóttir (IBÓ), Ingimar Árnason (ING), Jóhannes Árnason (JÁR), Karen Malmquist (KMQ), Karl Hjartarson (KHJ), Kristín S Árnadóttir (KRÁ), Kristján Tryggvason (KTR), María Albína Tryggvadóttir (MAL), Marína Sigurgeirsdóttir (MAR), Orri Torfason (ORT), Óskar Ingi Sigurðsson (ÓSI), Rannveig Karlsdóttir (RAN), Snorri Björnsson (SNO), Snorri S Guðvarðsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir (SUN), Valdemar Pálsson, Wolfgang Frosti Sahr (WFS), Þorbjörg Dóra Gunnarsdóttir (ÞDG), Þórdís H Jónsdóttir (ÞHJ), Þórhallur Ragnarsson (ÞHR)

Eftirtaldir áfangar voru í áfangamati:


BUR1024	DANS1OL04	DANS1TO05	DANS2LN05	DANS2OM05
EÐL2036	EÐLI2AO05	EFN2036	EFN3136	EFNA2ME05
FÉL4036	FÉLA2FA05	FÉLA3KJ05	FJS1036	FRL2036
FTK1012	FÖFM1IH04	HBFR1HH05	HEM1024	HJÚ3036

HJÚ4036	HJÚK1AG05	HJVG1VL06	ITM1136	ÍSLE1FL05
ÍSLE1LB04	ÍSLE1RO03	ÍSLE2HS05	ÍSLE2KB05	ÍSLE3BB05
ÍSLE3KS05	ÍSLE3UM05	ÍSLE3VT10	LÍF2036	LÍFF2LK05
LÍFS1FN04	LÍOL2IL05	LÍOL2SS05	LÝS1036	MAT107E
MAT2148	MEK1036	MEKV1TN03	MEKV2TK03	NÁLÆ1UN05
NÁLÆ2AS05	NÁT1036	NÁT1136	NÁT1236	NOM1036
NÆR1136	RAB1036	RAF4648	RAL5036	RAL6036
RALV1RÖ03	RALV2TM03	RAM5024	RAM7024	RAMV1HL05
RAMV2RS05	RAT1024	RAT2536	RER1036	RLT1036
RRV1036	RRV3024	RTMV2DT05	RÖK1024	RÖKV1RS03
RÖKV2LM03	SASK2SS05	SJÚ2036	SJÚK2MS05	SKS2036
SMH1036	SPÆ2036	SPÆN1RL05	SSE1012	STR5036
STR503V	STS1036	STÆ3636	STÆF2AM05	STÆF2RH05
STÆF2TE05	SÝK1036	VFFM1BK10	VFR4124	VGRV1ML05
VGRV2PR03	VID1136	VIÐ1024	VIN205A	VLV1036
VSM2036	VSMV2TN03	VTÆ2024	VÖK1024	ÞJSK1SP02
ÞÝS2036	ÞÝS3036	ÞÝS4036	ÞÝSK1RL05	

Kennarinn er vel undirbúin(n) þegar hann kemur í kennslustundir

(Svarhlutfall 812/817)


1. Mjög sammála - 71%
2. Frekar sammála - 23%
3. Frekar ósammála - 5%
4. Mjög ósammála - 1%



Kennarinn hefur elft leikni mína og hæfni í námsgreininni

(Svarhlutfall 810/817)


1. Mjög sammála - 54%
2. Frekar sammála - 33%
3. Frekar ósammála - 9%
4. Mjög ósammála - 4%



Kennarinn heldur góðum vinnufríði í kennslustundum

(Svarhlutfall 811/817)


1. Mjög sammála - 53%
2. Frekar sammála - 36%
3. Frekar ósammála - 10%
4. Mjög ósammála - 1%



Ég get leitað til kennarans t.d. ef ég skil ekki námsefnið

(Svarhlutfall 813/817)

1. Mjög sammála - 65%
2. Frekar sammála - 27%
3. Frekar ósammála - 5%
4. Mjög ósammála - 2%



Kennarinn gerir námið áhugavert

(Svarhlutfall 812/817)


1. Mjög sammála - 46%
2. Frekar sammála - 34%
3. Frekar ósammála - 13%
4. Mjög ósammála - 8%



Samskipti mín við kennarann hafa verið góð

(Svarhlutfall 812/817)


1. Mjög sammála - 67%
2. Frekar sammála - 26%
3. Frekar ósammála - 4%
4. Mjög ósammála - 2%



Kennarinn mismunar ekki nemendum

(Svarhlutfall 813/817)


1. Mjög sammála - 70%
2. Frekar sammála - 22%
3. Frekar ósammála - 4%
4. Mjög ósammála - 4%



Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluáferðir

(Svarhlutfall 812/817)


1. Mjög sammála - 42%
2. Frekar sammála - 36%
3. Frekar ósammála - 15%
4. Mjög ósammála - 8%



Ég stunda námið í áfanganum samviskusamlega (skila verkefnum á réttum tíma, er virk/virkur í hópstarfi, tek þátt í umræðum í tímum og fl.)

(Svarhlutfall 807/817)


1. Mjög sammála - 53%
2. Frekar sammála - 38%
3. Frekar ósammála - 8%
4. Mjög ósammála - 1%



Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi

(Svarhlutfall 813/817)


1. Mjög sammála - 54%
2. Frekar sammála - 39%
3. Frekar ósammála - 6%
4. Mjög ósammála - 1%



Námsgögn (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.fl.) í áfanganum eru viðunandi

(Svarhlutfall 809/817)

1. Mjög sammála - 55%
2. Frekar sammála - 37%
3. Frekar ósammála - 6%
4. Mjög ósammála - 2%



Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum

(Svarhlutfall 807/817)

1. Mjög sammála - 55%
2. Frekar sammála - 33%
3. Frekar ósammála - 7%
4. Mjög ósammála - 5%



Ábendingar sem þú vilt koma á framfæri um áfangann, kennara eða kennsluna.

- Mjög góður kennari
- Að koma til einhverja þegar hún sér að þau eru ekki að skilja
- Aðstaða mætti vera betri
- Aðstaða til náms ekki góð vegna þess hve kalt það er í stofunni. Nauðsyn að vera í úlpu ef þú ætlar að stunda námið sem eru óþarfa óþægindi.
- Allir kennarar ættu að taka hann til fyrirmyndar og kenna líkt og hann
- Allir tímar eru eins við setjumst niður og glósum og hann talar í 80 mínútur. Þetta er mjög einhæft vantar fjölbreytni. hann velur sér nemendur sem honum líkar við og hendir hinum bara burt.... Maður velur sér ekkert bara uppáhalds nemendur og bara hugsar um þau og skammar svo hina fyrir að segja eitt orð kanski. líst ekki vel á þessa kennsluáðferð, jú flott að glósa en hafa fleiri verkefni ekki bara moodle verkefni sem við gerum heima, hafa meira í tímum, einstaklingsverkefni, hópaverkefni og fleira.
- Allir tímar eru eins, kennarinn talar í 80 mínútur og öllum leiðist
- Allt í góðum málum =D

- Allt í mjög góðum málum bara =D
- Alveg met leiðinlegur áfangi
- Hann er magnaður
- Hann veit alveg hvað hann er að gera og er líka hellað skemmtilegur.
- bara fínt :)
- Q er frábær kennari og mættu fleiri vera eins og hún :)
- Q er einn af bestu kennurum sem ég hef haft. Hún hjálpar nemendum eins mikið og hún getur og vill að allir nái áfanganum og lítur út fyrir að líka vel við alla og kemur eins fram við alla.
- Einhæf og úrelt kennsluáferð.
- Einstakur áfangi
- ekkert, mjög ánægð
- Q er mjög gáfuð kona og allt það en mér finnst hún aldrei ná að útskýra efnið nógu vel, mér finnst ég ekki hafa náð neinum árangri hjá henni og skil efnið ekkert betur en ég gerði áður. Hún kemur oft með tímaverkefni til að vinna í tíma en hjálpar ekki beint nógu vel og sýnir ekki nógu vel hvernig á að leysa verkefni.
- Erfiður áfangi en hann hjálpar mikið við það og dregur mann í gegnum þetta
- Erfiður áfangi, kennarinn er góður og kennslan ágæt. Mætti útskýra hlutina aðeins betur en allt í allt mjög fín kennsla.
- Erum í okkar fyrsta X áfanga og hún lét okkur bara hafa löng og erfið verkefni og sagði bara googlið svörin. Það þarf að kenna og útskýra eth sem maður er að byrja að læra...
- Ég er ekki búin að læra neitt í þessum áfanga. Ég mæti í alla tíma samviskusamlega en samt hef ég ekki lært neitt frá því að áfanginn byrjaði. Ég er að fara í próf á morgun og ég skil ekki neitt í neinu. Ég hef aldrei verið í X áður og því kann ég augljóslega ekki neitt þegar ég byrjaði í áfanganum, en hún gefur okkur ekki neinn grunn þannig ég kann ekki neitt enþá. Mér finnst þetta mjög pirrandi því ég þoli ekki að ég mæti í alla tíma en ég læri bara EKKI neitt í tímunum. Ég vil að kennarar kenni námið almennilega.
- Ég hef ekki lært neitt í þessum áfanga og skil bara ekki neitt. Hún er ekki búin að leggja neinn grunn fyrir okkur og henni okkur strax í einhver verkefni sem engin skilur. Þar sem þetta er 100 áfangi finnst mér eins og ég sé komin í 300 áfanga. Við erum nýbúin í prófi og ég hreinlega bara skeit í því þar sem ég lærði ekki neitt og það drepur mann svo mikið niður á því að fara í próf og skilur ekki neitt. Maður missir allan metnað og vill ekkert halda áfram í þessum áfanga.
- Ég kann virkilega vel að meta Q sem kennara. Hann mismunar ekki, hlustar á skoðanir okkar þó þær seu ekki sömu og hans og er alltaf vel undirbúin En ég þoli ekki að lesa greinar á netinu og hann er mikið með skannaðar greinara sem við eigum að lesa. En það er bara ég.
- Ég reyni alltaf mitt besta en okkur kennaranum semur ekkert gg vel saman
- Ég skil ekki neitt í X og kennarinn er ekkert að hjálpa. Vantar meiri grunn og meiri hjálp. Ef ég bið um hjálp þá skil ég bara minna. Þar sem X er ekki mín sterkasta grein þá vantar mér betri hjálp. Ég hef ekki getað skilað öllum verkefnum
- fara betur yfir þýðingu orða. Passa uppá að nemendur séu með orðaforðann góðan til að skilja vel námsefnið

- Finnst að hann mætti minna oftar á heimaverkefni og þá sérstaklega á þeim degi sem á að skila þeim, ég hef gleymt heimadæmum útaf því hversu upptekin ég er, það hefur ekkert með leti að gera og fannst það alveg met ömurlegt því það var ekki ætlunin að gleyma skilafrestinum! En bara benda á að það væri fínt að fá fleiri áminningar frá honum um þau :).
- Finnst áfanginn síður en svo spennandi og fremur leiðilegur ef segja á eins og er
- Finnst óþæginnlegt þegar við erum að glósa af glærum og kennarinn talar frá sér blaði um ehv sem stendur ekki á glærinni þá verð é annað hvort að hlusta eða skrifa glósurnar og með tek ekki bæði.
- Finnst það mætti vera meiri kennsla
- Frábær áfangi
- Frábær kennari í alla staði!
- Frábærir tímar, samt ósátt við að það sé lokapróf
- Get ekki lært þetta hjá henni. Gafst bara upp
- Gæti reynt að útskýra fyrir mæli betur og svoleiðis
- Hann á illa erfitt með að hlusta ef maður er að reyna að biðja hann um hjálp
- Hann gerir þennan áfanga eins skemmtilegan og hægt er!
- Hann mætti minna á þegar hann setur verkefni inn á Moodle, hafa kennsluna fjölbreyttari og hætta að mismuna nemendum. Hann stendur bara og lætur móðann mása í tímum. Það hefur gerst að hann hefur vísað nemanda úr tíma því hann var að borða í stofunni en svo kemur annar nemandi sem honum líkar við með mat í tíma í vikunni eftir og þá spyr hann bara hvort hann megi fá bita. Auk þess er hann hranalegur og með slæma framkomu gagnvart flestum nemendum. Kurteisi kostar ekkert.
- hann útskýrir allt svo vel, virkilega góður kennari sem kemur námsefninu vel til skila, passlegt námsefni, ekki of þungt og ekki of létt heldur
- Hef engar =)
- Hef engar sérstakar ábendingar, kennslan er góð, kennarinn er æðislegur og námsefnið fínt.
- Heimanám er í hámarki
- heimskulegt að hafa þennan áfanga próflausan en samt þarf maður að ná þessum 2 stóru prófum sem eru sett fyrir mann á önninni og ef maður gerir það ekki er maður fallin. Er það próflaus áfangi? nei ég bara spyr.
- Hún Q er ofboðslega góð og skilrík. Alltaf tilbúin að hjálpa öllum og ég á mjög auðvelt með að skilja hana. Er ekki viss um að áfanginn hefði verið jafn skemmtilegur og ég svona áhugasöm nema í þökk kennara.
- Hún þolir ekki nemendur sem hafa ekki áhuga á efninu, er líka langoftast í vondu skapi og hefur sagt nemendum að hreinlega þegja sem mér finnst alls ekki í lagi. Ég sleppi oft tímanum því ég bara get ekki kennarann
- Kennarinn á erfitt með mannleg samskipti
- Kennarinn er drepleiðunlegur
- Kennarinn er goður og skemmtilegur en gleymir því stundum að við hin erum líka gafuð ekki bara einn nemandin
- Kennarinn er snillingur

- Kennarinn er stundum ekki nógu góður til að útsýra sum verkefni.
- kennarinn horfir á mig allan tíman og tekur ekki augun af mér sem lætur mig líða mjög illa í tímum.....ég er með a.d.d og lesskilningsvandamál og hún hjálpar mér ekki eins og hún á að gera.
- Kennarinn mætir alltaf seint, hann veður úr einu í annað og fram og til baka. Talar um eitt og svo um annað og svo aftur það sem hann byrjaði á. Hlustar sjaldan á nemendur og mismunar þeim.
- Kennarinn mættu bæta sig svoltið í að fara yfir próf og vkrkefni.
- Kennarinn notar eina af betri námsleiðum sem ég hef séð. Og skilar góðum árangri. Há þeim sem nenna að leggja smá á sig
- Kennarinn notar námsleið sem einfaldlega er ekki að virka. Þetta er erfitt námsefni og kennarinn ætlast til þess að við getum bara lært það ám hennar hjálpar. Hún kann til að mynda ekki sjálf sum dæmin sem hún ætlast til að við gerum. Hún er hins vegar alger snillingur og ef ég ætti að velja einn kennara til að tala við yfir heilan dag þá væri það sennilega Hún.
- Kennarinn velur sér upphald í tímum og gerir erfiðara fyrir hina nemendurnar fyrir vikið. Kennsluaðferð er ávallt sú sama og sitjum við að glósum það sem hann skrifa á töfluna, erfitt að meðtaka allt sem hann segir og talar um á meðan maður er enþá að skrifa upp eftir töflunni. Miklar eða jafnvel of miklar kröfur gerðar til nemenda í áfanganum og fyrir próf er virkilega mikið námsefni sem er erfitt að læra fyrir próf.
- Kostur að áfanginn sé símatsáfangi
- Krakkar eru misgóðir í faginu, sumir komast upp á lagið strax en aðrir þurfa að hafa meira fyrir því. Til að koma sem best við móts við þá nemendur sem þurfa að hafa meira fyrir því að fatta og læra efnið finnst mér kennarinn þurfa að vera metnaðarfullri í að útskýra og gefa svör þegar beðið er um. Ég og fleiri hafa fundið fyrir því að þegar beðið er um hjálp er svarað með einhverju eins og "það er einmitt það sem þú þarft að finna út" eða "já segðu mér". Manni líður eins og kennaranum finnst maður hálf hálfvitlegur fyrir að vita ekki nákvæmlega svarið þegar í staðinn er hægt að benda nemanda í rétta átt og ýta aðeins við honum því oft vantar bara þínu lítið upp á að nemandi fotti.
- Q er dónaleg og mismunar nemendum hrikalega. Ef nemandi spyr út í námsefnið segir hún "þú hefur bara átt að hlusta" eða "þú vissir þetta ef þú værir að fylgjast með" (hefur gerst oft en 3) og svarar ekki spurningu nemendans.
- Q er yndisleg, vill öllum vel og er góður kennari. Kennsluaðferðir hennar eru góðar og hef ég lært vel hjá henni.
- Leiðinlegt að hafa misst Q sem kennara hún var búin að vera alveg frábær. X er hinsvegar ekkert verri :)
- Létt
- lítill friður er inn í stofu vegna þess að allir eru á blaðrinu það nenna fáir að hlusta, svo það verður lítið um lærdóm, hún mætti rífa sig svolítið upp, fá bekkinn meira yfir a sitt band, skrifa meira af glósum á töfluna, sem hún gerir ekkert að. og hún mætti fara aðeins hægar yfir efnið eða þannig að við skiljum allt skýrt og greynilegt eftir hvern tíma.
- Maður verður þínu þreyttur á að sjá alltaf glærur, mætti brjóta það aðeins meira upp :)
- Mér finnst að hann ætti að vera með góða upprifjun fyrir próf ef tími gefst

- Mér finnst að kennarinn viti ekki nógu mikið um efnið og að hún sé að læra fullt af hlutum með okkur í staðinn fyrir að vera að kenna okkur þá. Kennarinn er samt mega næs og mér líkar mjög vel við hana. Stofan er alltaf mjög köld og þú frýst í hvert skipti sem þú labbar inn í hana ef þú ert ekki í úlpu. Það er engin nettenging inn í stofunni og þar sem að X er áfangi sem þú þarft að nota símann þinn í mjög mikið þá er það mjög slæmt því þú ert alltaf að nota 4G og það er mjög dýrt og það hafa kannski ekki allir efni á því.
- Mér finnst að þessi áfangi eigi að vera skylda fyrir alla, það er mjög mikið sem að maður áttar sig á og lærir um samfélagið og blessaða mannkynið í þessu, þetta er brýnt námsefni til fólks og ætti jafn vel að vera kennt að einhverju leyti fyrr, í grunnskóla jafn vel. Finnst fíranlegt að þetta sé ekki skylda á allavega félagsfræðibraut, því alltof margir þurfa að fara í þennan áfanga og þekki ég til margra sem mig langar einstaklega að senda í hann!
- Mér finnst ALLTOF mikið heimanám og ofmikið lesefni.....
- Mér finnst Q bara alls ekki koma jafnt fram við nemendur!. Hann fer allt of hratt yfir efnið og tekur allt of mikið efni í einu. Mér finnst ég ekki getað leitað til hans ef að ég á erfitt með efnið. Ég á erfitt með efni áfangans og er hann alls ekki að hjálpa mér að komast áfram með þetta. Einnig hefur hann ekki komið vel fram við mig tekið mig eina úr bekknum og sagt að ekki sé hægt að kenna mér og það er ekki það sem ég þarf að heyra og er alls ekki þegar mér gengur ekki vel í náminu hjá honum! Hef ekki fengið afsökunarbeiðni frá honum yfir þessu og finnst þetta bara alls ekki kennarasleg hegðun hjá honum!
- Mér finnst eins og það ættu ekki að vera lokapróf, frekar bara lokaverkefni eða svona kerfi að þú nærð einhverri ákveðinni einkunn í lok áfangans þarftu ekki að taka lokapróf. Það skapar bara óöryggi og stress að hafa lokapróf. Lokapróf segja ekkert um námshæfileika, kannski ertu buin að læra helling fyrir prófið og svo í prófinu sjálfu gleymir þú bara öllu. Þetta er alls ekki gott kerfi og ég vil helst að því verði eytt.
- Mér finnst eins og það ættu ekki að vera lokapróf, frekar bara lokaverkefni eða svona kerfi að þú nærð einhverri ákveðinni einkunn í lok áfangans þarftu ekki að taka lokapróf. Það skapar bara óöryggi og stress að hafa lokapróf. Lokapróf segja ekkert um námshæfileika, kannski ertu buin að læra helling fyrir prófið og svo í prófinu sjálfu gleymir þú bara öllu. Þetta er alls ekki gott kerfi og ég vil helst að því verði eytt.
- Mér finnst Q ekki vera að kenna þennan áfanga nógu vel, hún fer alltof hratt yfir efnið.
- Mér finnst Q æðislegur kennari og mér finnst leiðinlegt að hún muni ekki kenna Q.
- Mér finnst þessu áfangi bara alls ekki auðveldur og finnst Q ekki vera að kenna hann vel mér finnst hún alls ekki nógu skipulögð í tímum og finnst það alls ekki klógt af henni að kenna þetta bara í gegnum tölvur. Hún fer alls ekki að réttu aðferðinni að kenna efnið í áfanganum. Einnig skiptir hún okkur í hópa og gefur okkur verkefni og þá skiðtum við með okkur verkefnum og síðan eigum við bara að læra það sem hinir voru að gera í verkefnonum bara nóttina fyrir prófdag.
- Mér finnst Q vera að kenna þennan áfanga mjög vel og vera með fjölbreytta og áhugaverða tíma.
- Mér finnst Q ekki kenna mér námið nógu vel. Ég var líka í X í fyrra og féll þar sem lokaprófið var svo allt auðvísí heldur en ég og allar vinkonu minar héldu að það yrði, það

var bara allt of erfitt, og núna þegar ég tek áfangann aftur er kennslan hjá henni ekkert búið að breytast þó að það falli svona margir á hverri önn. Ef að það falla svona margir, afhverju er þá ekki gert eitthvað í því annað en að kenna nemendum um að vera bara ekki nógu duglegir. Þetta er augljóslega ekki bara okkur að kenna. Ég vil bara betri kennslu.

- Mér persónulega finnst áfanginn, kennarinn og kennslustundin mjög fín eins og þetta er núna myndi ekki vilja breyta neinu.
- Mér persónulega finnst Q ekki góður kennari, talar eins og hann er að tala við sjálfan sig, heyrir sjaldan hvað hann segir og snýr oft baki í okkur. Velur oft einn nemanda til þess að svara öllum spurningum sem hann kemur með þótt nemandinn viti ekki svarið horfir hann bara á hann og spyr aftur eins og svarið komi bara í hausinn á honum. Hann er óskipulagður og mér finnst óþægilegt að sitja í tímum hjá honum.
- mjög skemmtilegur og góður :)
- Mjög áhugavert hvernig kennslustundirnar eru uppbyggðar en það er alltaf hægt að betrum bæta, ég held að hennar kennslu aðferð sé á réttri leið. En ýmislegt má bæta. t.d. að það sé skilda að kaupa bókina, í upphafi hverrar viku er tekinn fyrirlestur um komandi efni og það útskýrt síðan næstu tímar út vikuna vinnutímar. HópaVinna er sniðug að sumu leiti en ekki öllu, ef þú lendir ekki í góðum hóp þá er þetta glatað en ef þú lendir í góðum hóp með vinum og svona þá er þetta geggjað. Þannig það má aðeins skoða þá uppsetningu betur. En í heildina mjög sniðugut og klárlega halda áfram með þælingar í þessa áttina með námsefnið
- Mjög fær kennari
- Mjög góður kennari og kann sitt fag, en mætti oftara halda fyrirlestra upp á töflu um námsefnið
- Mjög góður kennari.
- Mjög skemmtilegur áfangi
- Mjög skemmtilegur áfangi, Q er mjög góður kennari.
- Mætti fara betur yfir svör úr verkefnum
- Mætti laga stafsetningar á glæru Finnst óþægilegt þegar kennarinn les af sér blaði annað en stendur á glærinni(það tengist efninu en get ekki hlustað og skrifað og meðtekið bæði)
- Mætti útskýra stundum betur og ekki gera ráð fyrir því alltaf að við vitum hvað hún meinar eða er að tala um, þetta er eitthvað sem hún kann utan af og ekki við, því þarf hún aðeins að taka tillit til þess að við erum ekki jafn klár í þessu og hún, enda hefur hún fengið næga æfingu á þessu geri ég ráð fyrir.
- Mætti vera meira um bókleg námsgögn
- Mætti vera mun líflegri og nota fjölbreyttari kennsluaðferðir.
- Mættu endurnyja bunað
- Mættu vera aðeins fjölbreyttari tímar.
- neibb allt er frábært
- Of mikið lestrarefni, erfitt að komast yfir það þegar maður er í öðrum áföngum líka. Mætti vera meira um umræðutíma, þá er talað um hlutinn ekki bara sagt frá því. Maður

meðtekur það betur því maður skilur um hvað þetta snýst í staðin fyrir að heyra bara einhvern segja það einu sinni. Þá gleymist það fljótt hvað t.d. hugtakið þýðir

- Q gerir þetta nám rosalega áhugavert :)
- passlegt námsefni, skemmtilegt námsefni, góður kennari sem kemur sýnu til skila á frábæran hátt
- Q er mjög góður kennari sem heldur áhuga manni gangandi um viðfangsefnið
- Reyna að gera verkefnið meira spennandi. kartöflu verkefnið var mjög skemmtilegt, því þá gátum við prófað og lært hluti á sama tíma. Fleiri verkefni sem væru svipuð og það verkefni væri mjög skemmtilegt
- sérstaklega leiðinleg við mig persónulega
- Skemmtilegur kennari
- Sko hann Q er alveg frábær kennari.
- Stundum förum við þínu hratt yfir námsefnið.
- Q er frábær :)
- svolítið flókin áfangi... myndi hjálpa nota tilbúna glærur.
- Uppsetning áfangans mætti vera betri. Nemendur þurfa betri yfirsýn og skilning á tímakerfi áfangans.
- Vantar betri aðstöðu og tæki
- Vantar meiri útskýringar og hjálpa okkur almennilega að læra efnið... Finnst allt mjög óskipulagt bæði hvernig verkefnunum er skilað og hvernig á að vinna þau.
- Við erum í fyrsta áfanga í X og við erum ekki með neinn grunn og við eigum bara að reyna að finna hann á Google og mér finnst hún ekki hafa kennt mér neitt.
- Virkilega góð kennsla en frekar mikið bara verkefni í bókinni, væri til í meiri fjölbreytni.
- Virkilega góður kennari sem hægt er að leita til
- Væri frábært að fá einkunnir úr prófum inn á moodle.
- Það ber engan árangur að kenna bara í tölvum og moodle verkefnum. Ég veit ekki einu sinni hvað ég á að hafa lært í þessum áfanga. Auk þess eiga ekki allir fartölvu og það er ósanngjarnt að gera það að kröfu til þess að ná áfanganum. Þó að maður væri með fartölvu er netsambandið í stofunni allt annað en áreiðanlegt.
- Það eina sem mér finnst "slæmt" við þennan áfanga er að það er farið frekar hratt yfir efnið en samt sem áður er efnið gert skiljanlegt.
- Það er ekki hægt að biðja um hjálpa því hún á mjög erfitt með að útskýra dæminn. Hún fer oftast mjög flóknar leiðir til að útskýra dæminn en henni finnst þetta mjög skiljanlegt. Síðan brýtur maður enn meira heilan yfir dæmunum en skilur ekkert biður um hjálpa en en getur hún ekkert hjálpað manni stamar bara og virðist ekkert vita um efnið
- Það er farið yfir full mikið af efni á hundavaði.
- Það er rosalega erfitt að læra svona áfanga þegar maður má ekki glósa eða gera neitt í tíma ef maður á bara að sitja og hlusta í 80 mín þá lærir maður ekkert af efninu maður missir alla einbeytingu
- Það má alveg ráða nýjan kennara í þetta starf! Og nýja og betri bók!
- Það sem er búið að böggja mig í allt haust er að mér finnst Q gera rosalega mikið upp á milli nemenda, það eru stelpur í tímanum sem kunna aðeins í áfanganum en ég er bara að læra og svoleiðis en það er búið að gerast að í tímanum þá vorum við að fara

yfirverkefni og var að spyrja okkur og ég var að svara og þá segir hann allt í einu að það ættu fleiri að svara...en þegar þessar stelpur eru að svara þá segir hann ALDREI neitt.....og miðannarprófið gekk ekkert allt of vel og mér fannst hann alltaf horfa á mig þegar hann var að tala um að þetta væri spark í rassinn en SAMT gekk þeim ekkert betur en mér....

- Það var gott að nota spjöldin, matt gera það oftar
- Það vatar miðjuna í þetta kennslumat, þegar þú ert hvorki sammála né ósammála.
- Þarf að endurnýja a.m.k tímalíðana, það eru fleiri brotnir en í lagi.
- Þetta efni er sett fram frekar þurt og verður þar af leiðandi leiðinlegt. Kennarinn er svo sem ágæt í að kenna þetta námsefni en það væri kanski gott að halda sig meira við náttúrufræðina en næringarfræði. Einig finst mér námsefnið hoppa dálítið mikið milli hluta án enihverja skýra teinginga. og get ég vel ímyndað mér að svoleiðis námsefni er erfitt að kenna.
- Þetta er alveg mjög áhugavert og margt skemmtilegra en annað en áhuginn leitar ekki beint í þetta efni hjá mér því miður, oft gaman að sitja og hlusta á Q og hina spjalla um efnið þó maður taki ekki endilega þátt í umræðunni nema kannski í huganum.
- Þyrfti að fá meira efni og nýjan búnað. allt orðið gamallt.

Ábendingar um það sem þér finnst jákvætt við áfangann og/eða kennarann

- Allt voða spennandi :)
- allt í topp sTandi og er mjög ánægð með hana Q
- allt:)
- Q er mjög opinn og þægileg í samskiptum og vill hafa námið eins þægilegt og hægt er fyrir nemendur sínar
- Q er mjög jákvæð, það gerir allt jákvætt.
- Auðvelt að semja við hana og hún er sanngjörn og gerir allt sem hún getur til að kenna okkur sem best
- Áfanginn áhugaverður og kennarinn með allt á hreinu og mjög þægilegt að biðja um aðstoð og ef maður biður um hana þá kemur hún frábærlega út útskýrir allt þar til maður skilur efnið og fer í gegnum öll skref mjög vel. Q er klárlega ein besti kennari skólans
- Áfanginn er frábreginn hinum því ekki er verið að notast við hefðbundar skóla/verkefnabækur
- áfanginn er vel uppsettur ekki of flókin og auðvelt að vinna verkefni Q er góður kennari sem veitir alla þá aðstoð sem þarf :)
- áfanginn er vel uppsettur ekki of flókin og auðvelt að vinna verkefni Q er góður kennari sem veitir alla þá aðstoð sem þarf :)
- Hún er frábær kennari, skilningsrík og skemmtileg
- Hún er mjög góður kennari og gerir námið mjög áhugavert
- Hún er mjög skemmtileg kona en vantar betri kennsluáðferðir

- haltu áfram að vera glöð og spræk því það hressir fólk upp og erum við því fúsari til að vinna :-)
- Hún hefur mikin áhuga á efninu, og er skemmtilegt að hlusta á hana tala :)
- Þú ert æði.
- Hann nær til allra og er snillingur í að útskýra efnið og fá það til að festast í hausnum á manni
- Einn af því skemmtilegasta sem hægt er að gera í skolanum. Mjög goður kennari.
- Hún er góður kennari
- Elska allt verklegt svo þetta er mjög gaman :)
- Ég elska þig Q!!
- Ég hélt að ég myndi ekki skilja neitt í áfanganum þar sem ég er ekki góð í X en hún hefur kennt mér mjög góðar aðferðir og tækni til að muna reglurnar. Hún reynir þar til henni tekst að láta okkur skilja dæmið eða hvað það er sem við erum að gera. Hún er alltaf jákvæð og ber virðingu fyrir nemendumnum sínum.
- finasta kona
- finasti kall
- Finnst hún alveg rosa góður kennari og hjálpar mér rosa mikið við námsefnið.
- finnst hann fara allt of hratt í gengum efnið og fer úr einu í annað og fer yfir í annað efni þegar það er ekki búið að prófa úr efninu og alltof mikið efni sem þarf að læra fyrir próf
- Fint
- Fínn áfangi og mjög fínn kennari.
- Fínn kennari.
- Flott kennsla og kemur góðum skilningi á efnið :) Halda þessu áfram
- Flottur gaur
- Flottur kennari og gerir hluta mikið áhugaverðari
- Frábær kennari, algjörlega ómissandi fyrir skólustarf VMA
- frábær kennari, kemur sínu til skila, er sanngjörn, og námsefnið er hæfilegt :)
- Frábær kennari!
- Frábær og skilningsríkur kennari
- Gaman að vera í áfanga þar sem kennarinn glósar mikið og gerir efnið skemmtilegt. Kennslan er til fyrirmyndar og þessi áfangi ástæða þess að ég valdi líffræði kjörsvið
- Gefur nemendum tækifæri á að gera verkefni á sínum hraða og dugleg að hjálpa þeim sem þurfa hjálp.
- Goðafræði verður seint jákvætt viðfangsefni, en kennaranum tekst að gera þetta "Djöfulli" skemmtilegt
- Gott þegar kennarinn leyfir okkur að skrifa glærurnar og svo talar hún um glærur og í kringum þær, útskýrir vel
- góður kall
- Góður kennari, kemur efninu vel frá sér og nær vel til nemenda :)
- Hann er verulega jákvæður, sanngjarn og úrræðagóður kennari.
- Hann er flottur kennari
- Hann er frábær!
- Haltu áfram að vera skemtilegur

- Hann eflir áhuga manns mikið með því hversu góð þekking hans er á námsefninu. Einnig gerir það tímana meira líflegra að við fáum að spyrja spurning sem eru oft ekki beint tengdir námsefninu en tengjast þó faginu :)
- Hann er alltaf til í að fara aftur yfir eitthvað og útskýra betur.
- Hann er frekar skemmtilegur og hefur húmor
- Hann er góður kennari
- Hann fer vel yfir.
- Hann gerir námið skemmtilegt!
- Hann notar öðruvísi kennslu hætti sem gerir mér auðveldara að skilja efnið, það er auðvelt að tala við hann og hann hjálpar manni alltaf. Magnaður kennari sem á hrós skilip!
- Hann veit nákvæmlega hvað hann er að tala um. Hefur mikinn áhuga á námsefninu sem hann er að kenna.
- Hún er algert yndi og hlustar á það sem nemendur hafa að segja og gerir ekki lítið úr neinum. Hún ber virðingu fyrir veikindum nemenda og kemur við móts við þá nemendur
- Hann er á réttum stað í kennslu á þessu efni og í þessum áfanga. Hefur mikla þekkingu á þessu efni og alltaf svör við öllum spurningum sem hafa komið upp í tímum. Frábær kennari !
- Hún er alltaf hress.
- Hún er með mjög góðar leiðbeiningar og maður veit alltaf hvað maður á að gera.
- Hún er mjög góður kennari
- Hún er mjög skemmtileg
- Hún gerir námið skemmtilegt
- Hún kann efnið mjög vel. Er mjög finn og ágætlega klár kennari bara :)
- Hún notar mikið af einföldunum og tekur dæmi úr daglegu lífi sem gerir námsefnið auðveldara til að skilja og hún er alltaf tilbúinn að taka upp umræður sem snúa að faginu þó svo að ekki sé verið að fjalla um það akurat á þeirri stundu.
- Hún er minn uppáhaldskennari hún brýtur uppá kennsluna og segir betur frá ef við skiljum ekki
- Hann er góður kennari
- Hann á skilið verðlaun fyrir að vera skemmtilegasti kennari skólans, hann kann að ná til nemanda og gera viðfangsefnið áhugavert. Hann gæti kennt leiðinlegasta fag skólans og látið það vera spennandi!
- Hann gerir áfangan skemtilegan og áhugaverðan
- Kennari fer vel yfir efni og hefur fjölbreyttar kennslustundir
- Kennarinn er frábær
- Kennarinn er mjög glaður og í góðu skapi =)
- Kennarinn er mjög góður og kennir mjög vel
- Kennarinn er mjög góður og skilur nemendur vel
- kennarinn er mjög líflegur
- Kennarinn er mjög skemmtilegur
- Kennarinn er mjög yndisleg mannvera.
- Kennarinn er mög skemmtilegur og gerir lærdóminn áhugaverðan

- Kennarinn er skemmtilegur
- Kennarinn er skemmtilegur og efnið er skemmtilegt
- Kennarinn er skemmtilegur, skiljanlegur og hjálpsamur.
- Kennarinn er æðislegur og það sést á honum að hann hefur áhuga á því sem hann er að kenna þannig að maður verður spenntur fyrir tímanum hjá honum því allt virðist geðveikt skemmtilegt. Mér finnst gaman að læra um allt efnið og kennarinn gerir efnið skemmtilegt og skiljanlegt.
- Kennarinn notar eina af betri námsleiðum sem ég hef séð. Og skilar góðum árangri. Hjá þeim sem nenna að leggja smá á sig
- Kennarinn skemmtilegur, alltaf í góðu skapi góðarglærur (mætti laga stafsetningu :)
- Kennarinn talar mestallan tímann um eitthvað sem tengist náminu óbeint svo maður missir alla athygli og getur ekki fylgst með.
- Hún er frábær kennari.
- Hún útskýrir mjög vel og skilur ef við skiljum ekki og reynir að hjálpa. Hún er ein af uppáhalds kennurum mínum :)
- Margir segja að hann sé mjög kröfuharður en mér finnst það vera kostur og bara jákvætt, því þá leggur fólk sig kannski frekar harðar að efninu og verður meira undirbúið fyrir framhaldsnám :). Þrátt fyrir kröfurnar þá er hann einnig mjög tillitssamur svo þótt hann sé kröfuharður þá sýnir hann manni samt tillit :) og ég hef oft verið mjög stressuð undan álagi og skiladagsetningum, hann hefur alltaf sýnt því tillit og ræðir við mann og leysir úr því. Frábær kennari bara!
- Mér finnst að það er góður félagsskapur í áfanganum, og kennarinn gerir sitt besta þegar hann hjálpar okkur. Og það skemmtilega við kennara okkar er að hann hlustar á okkur þegar við erum með uppástungur varðandi áfangan.
- Mér finnst hún yndisleg og hún er skemmtilegur kennari.
- Mér finnst kennslan skemmtileg og kennarinn koma efninu vel frá sér. Efnið er oft tengt við raunverulegar aðstæður sem getur auðveldað nemendum við skilning.
- Mér finnst námið vel skipulagt og kenslubækurnar góðar.
- Mér finnst rosalega erfitt að það sé komin ný bók í þessum áfanga, ég er með undan þágu frá erlendum tungumálum og er í mínu mestabasli við að læra ensku og dönsku, og svo kemur ný bók og hún er öll á ensku og ég skil ekki stakt orð í henni...
- Mér finnst þessi áfangimjög águgaverður skemmtilegur og spennandi. Mér finnst kennari líka hafa mjög mikin áhuga á því að koma okkur vel af stað og að kenna okkur eins vel og hún getur. Hún er þolinmóð og veit hvað hún er að segja um námsefnið því hún sjálf hefur mjög mikin áhuga á áfanganum. Hún leggur sig mjög mikið framm til þess að reyna að láta okkur skilja og heldur athyggli okkar eða allavegana minni allan tíman.
- Mér finnst Q skemmtilegur og góður kennari, það er gaman að vera í tímum hjá henni. Mér finnst námsefnið sem við erum í núna mjög skemmtilegt og fræðandi :)
- Mikilvæg og áhugaverð kennsla fyrir alla ! :)
- Mjög áhugavert að læra forrita :D
- Mjög almennileg og jarðbundin
- Mjög goður kennari. Besta sem ég hef séð.
- Mjög góð kennsluaðferð og kennari kann sitt fag mjög vel

- mjög góður kennari
- Mjög góður kennari og gerir námið mjög skemmtilegt
- Mjög skemmtilegt áfang. Goðir kennarar.
- Mjög skemmtilegur kennari
- Mjög skemmtilegur og margþættur áfangi, kennarinn stendur sig með þryði
- Mjög þægilegt þegar kennarinn reiknar dæmin uppá töflu svo maður hafi réttar aðferðir og útreikninga
- Mætti vera glærur a moodle til að fylgjast betur með
- Námsfnið er krefjandi, kennarinn heldur manni við efnið og gerir tímana og efnið skemmtilegt.
- Nýja aðferðin sem kennarinn notar í tímum er snilld. Það er ómögulegt að láta nemanda sitja í 80 mínútur að hlusta á kennarann rabba stanslaust. Með því að láta okkur gera verkefni sjálf, og fá fullan aðgang að upplýsingum, komast upplýsingarnar mikið betur til skila heldur en í svipuðum áföngum þar sem nemendur sitja með hálflokuð augun, slefandi fram á borðið á meðan þeir "hlusta" á kennarann.
- Kennarinn hefur hjálpað mér mikið og ég er mjög ánægð með hana
- Rosalega þæginlegt að koma bara i tíma gera það sem þarf að gera meðan þu hlustar a tonlist og getur spurt kennaran utí hvað sem er :)
- Sagan er ekki eitthvað sem mér heillast en þetta er alls ekki með þeim þurrstu tímum sem ég hef farið í :)
- Samviskusöm og einstaklega gott hjartalag
- Skemmtilegir tímar og kennarinn skemmtilegur
- skemmtilegt námsefni, passlegt námsefni, og yndislegur kennari
- Skemmtilegt og fróðlegt námsefni en kennarinn þarf að finna aðra kennsluáferð og ekki gera eins miklar kröfur til nemenda í áfanganum.
- Skemmtilegur á alla vegu!
- skemmtilegur áfangi
- Skemmtilegur kennari og tími
- Skemmtilegur kennari:)
- Skemmtilegur og fræðandi áfangi
- Skemmtilegur, kemur efninu mjög vel frá sér og hikar ekki við að svara spurningum nemenda :)
- Skil vel verkefnin og finnst þetta ekki það erftitt verkefni.
- Spannandi bok sem eg er að lesa (múrinn)
- Kennarinn er frábær :)
- Svona frekar mikið kjarninn af rafeind og rafvirkjun svo maður þarf að fylgjast með og læra vel :)
- Tímarnir eru oftast skemmtilegir og áhugaverðir og ég læri mikið í þeim
- útskýrir vel
- Yndisleg kona,
- Það er mjög gaman að læra framburðarreglur. :)
- það er mjög gaman hjá kennaranum
- Þetta er geggjaður áfangi, ég elska hann

- þetta er skemmtilegt námsefni
- Þetta er skemtilegur áfangi
- Hún er fin.
- Þú ert góður kennari
- X tímarnir eru upphalds tímanir mínir, og hef mætt í alla. Og er ekki í neinum öðrum tímum á mánudögum og föstudögum og það væri svo létt fyrir mig að sleppa þeim, en langar bara alls ekki að gera það.
- Æðislegur kennari sem gefst ekki upp á nemundunum sínum!:)